



Stjórnarfundur HSH

Haldinn í Stykkishólmi,

10. febrúar 2025 kl. 18:10

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Kristfríður Rós Stefánsdóttir (í fjarfundarbúnaði), Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Dagskrá

1. Dagbók framkvæmdastjóra
 - a. Íþróttamanneskja ársins var haldið að Langaholti í janúar. Hófið var vel heppnað og almenn ánægja með það. Hófið komið til með að vera.
 - b. Búið er að koma móttökubæklingum í prentun. Við fengum styrk úr fræðslu- og verkefnasjóði ásamt Rannís styrk í þetta verkefni. Framkvæmdastjóri mun panta peysur eða annan varning á næstu dögum og setja sig í samband við sveitarfélög v. móttökuáætlunar.
 - c. Aðstoð við lagabreytingar hjá aðildarfélögunum.
 - d. Bókhaldsvinna, undirbúningur ársreiknings o.þ.h.
 - e. Flæðirit fyrir HSH. Með góðu flæðiriti er hægt að halda utan um verkefni stjórnar og starfsmanns HSH. Að auki útbjó starfsmaður skapalón af flæðiriti fyrir aðildarfélögin ef þau vilja nýta sér þetta. Þetta gæti auðveldað fólki að koma inn í stjórn því þar sést hver verkefni stjórnarfólks eru.
 - f. Vinnudagur í Borgarnesi með svæðisstjórum og framkvæmdastjórum héraða á Vesturlandi.
 - g. Rannís styrkur nýttur fyrir búnaðarkaup fyrir Umf. Víking/Reynir, Umf. Grundarfjörð og Umf. Snæfell. Búnaður kominn í hendur starfsmanns og verður dreift út á ungmennafélögin.
 - h. Vinna fyrir þing í fullum gangi.
 - i. Reglugerðir, lög, tillögur, ársreikningar og fjárhagsáætlun klár.
 - ii. Unnið að ársskýrslu.
 - iii. Búið að setja sig í samband við þingshaldara, koma með hugmyndir að þingforseta, varaþingforseta og ritara.
 - iv. Ársskýrsla HSH
2. Fjárhagsáætlun og ársreikningur HSH. Garðar Svansson gjaldkeri fer yfir fjárhagsáætlun fyrir 2025 og ársreikninga 2024 með stjórn.
3. Lottógreiðslur



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

- a. Umræða um breytingar á lottóúthlutun. Mikil skerðing hefur verið á lottóúthlutun til HSH. HSH vinnur að uppfærðri reglugerð sem verður lögð fyrir formannafund þann 20. febrúar.
4. Lög
 - a. Stjórn ásamt framkvæmdastjóra hafa unnið að breytingum á lögum HSH sem samþykkt voru á héraðsþingi HSH í apríl 2024. Lög með breytingum verða sendar á formenn aðildarfélaga fyrir formannafundinn 20. febrúar.
5. Formannafundur
 - a. Formannafundur HSH verður haldinn á Sker í Snæfellsbæ þann 20. febrúar kl. 17:00. Formönnum aðildarfélaga verða kynntar tillögur fyrir héraðsþing HSH 2025. Dagskrá og gögn fundar munu formenn fá send mánudaginn 17. febrúar. Áhersla verður lögð á að tveir fulltrúar mæti á formannafundinn frá hverju aðildarfélagi.
6. Héraðsþing
 - a. Héraðsþing HSH verður haldið mánudaginn 7. apríl 2025 í Grundarfirði. Garðar Svansson mun ekki gefa kost á sér áfram í stjórn HSH. Framkvæmdastjóri er í góðu sambandi við formann UMF. Grundarfjarðar.
7. Gull- og silfurmerki HSH
 - a. Búið er að útbúa reglugerð um Gull- og silfurmerki HSH. Reglugerð verður kynnt á héraðsþingi HSH í apríl. Formenn munu fá reglugerðina senda í pósti fyrir formannafund ásamt skapalóni fyrir tilnefningar til verðlaunanna.
8. Hvatasjóður
 - a. Á vinnudegi framkvæmdastjóra héraða á Vesturlandi ásamt starfsmönnum svæðisstöðvanna á Vesturlandi var ákveðið að senda inn sameiginlega umsókn í Hvatasjóð. ÍA sótti um fyrir „Allir með á Vesturlandi“ en sá dagur verður haldinn á Akranesi 30. ágúst 2025. Þetta er samvinnuverkefni héraðanna og svæðisstöðvanna á Vesturlandi.
9. Styrkveitingar HSH
 - a. Alexandra Björg Andradóttir. Styrkt um 45.000 kr. fyrir þátttöku í unglíngalandsliðsverkefni fyrir NEVZA U17 ára sem fór fram í Danmörku 13. -17. október. Greitt 22.01.2025
10. Önnur mál
 - a. UMFÍ þing verður haldið í Stykkishólmi 10. – 12. október 2025.
 - b. Viðburðir framundan:
 - i. Sjálfsagi – fyrirlestur með Margréti Láru og Einari fyrir þjálfara og stjórnarfólk aðildarfélaganna.
 - ii. Fundur með FSN og svæðisfulltrúum varðandi sjálfboðaliðaáfangi.
 - iii. Aðalfundur Mostra 20. febrúar kl. 20:00
 - iv. Aðalfundur Víkings/Reynis 25. febrúar kl. 20:00
 - v. Aðalfundur Umf. Grundarfjarðar 27. febrúar kl. 20:00
 - vi. Aðalfundur Umf. Snæfells 6. mars kl. 18:00

Fundi slitið kl. 19:55

Gunnhildur Gunnarsdóttir